

Útdráttur skýrslu vegna rannsóknar á alvarlegu óvæntu atviki á meðferðarheimilinu Bjargey

Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála (GEV) hefur nú lokið við rannsókn á alvarlegu óvæntu atviki sem átti sér stað á meðferðarheimilinu Bjargey, sem rekið er á grundvelli 79. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Samkvæmt 3. mgr. 12. gr. laga um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála nr. 88/2021 (lög um GEV) skal stofnunin ljúka umfjöllun um hið alvarlega óvænta atvik með skýrslu. Eftir því sem unnt er skulu skýrslur birtar, eða útdrættir úr þeim, sbr. 1. mgr. 4. gr. laga um GEV, og skal þess gætt að við birtingu komi engar persónugreinanlegar upplýsingar fram. Með vísan til ríkra persónuverndarsjónarmiða hlutaðeigandi telur GEV ekki unnt að birta skýrsluna í heild sinni og er því hér eingöngu um útdrátt skýrslunnar að ræða.

Markmið rannsóknar á alvarlegu óvæntu atviki:	Leita skýringa á atviki sem geta nýst til að koma í veg fyrir að sambærileg atvik eigi sér stað.
Hið alvarlega óvænta atvik:	Tilkynnt var um að kviknað hefði í gardínu í rými meðferðarheimilisins Bjargey þegar tveir skjólstæðingar heimilisins voru einir í rýminu í stutta stund. Starfsmanni tókst að slökkva eldinn fljótt, engin slys urðu á fólki en smávægilegar skemmdir urðu á munum.
Skýring á hinu alvarlega óvænta atviki:	Rannsókn GEV leiddi í ljós að hið alvarlega óvænta atvik mátti rekja til nokkurra samverkandi þátta í starfsemi meðferðarheimilisins. <i>Í fyrsta lagi</i> var verklag varðandi notkun og fjölda kveikjara óskýrt sem leiddi m.a. til þess að starfsmenn gátu illa áttað sig á því hvort kveikjari í eigu heimilisins væri í umferð meðal skjólstæðinga. Vegna þess hafi t.a.m. ekki verið unnt að útiloka að sá kveikjari sem notaður var í umrætt sinn hafi verið eign meðferðarheimilisins. Þá hafi einnig á þeim tíma er atvikið átti sér stað ekki verið tilgreint með skýrum hætti í húsreglum og upplýsingabæklingi til skjólstæðinga að kveikjarar og önnur eldfæri væru bönnuð inni á heimilinu. <i>Í öðru lagi</i> voru upplýsingar til starfsfólks um líðan og stöðu annars skjólstæðingsins við innskrift ónægar þar sem mikilvægar upplýsingarnar um skjólstæðinginn birtust eingöngu á rafrænu spjallsvæði starfsfólks en ekki í dagbók skjólstæðingsins. Að mati

	GEV skorti almenna upplýsingagjöf til starfsfólks við innskrift skjólstæðinga á þeim tíma sem atvikið átti sér stað. <i>Í þriðja lagi</i> voru viðkomandi skjólstæðingar ekki aðskildir þrátt fyrir að fullt tilefni hafi verið til þess, að mati GEV, vegna atviks sem átti sér stað daginn fyrir hið alvarlega óvænta atvik og með hliðsjón af hegðun og mótþróa skjólstæðinganna gagnvart starfsfólki. <i>Í fjórða lagi</i> þótti vera skortur á skriflegum verkferlum í starfseminni sem hafi m.a. leitt af sér óskýrt verklag um ýmsa hluti í starfseminni og ósamræmi í ýmsum vinnubrögðum starfsfólks.
Umbætur til að koma í veg fyrir sambærileg atvik:	Fyrir liggur að reglur og verklag um kveikjara hefur þegar verið bætt með því að ávallt skuli einn stór kertakveikjari vera í umferð hverju sinni og er hann geymdur í starfsmannarými sem skjólstæðingar hafa ekki aðgang að. Ljóst er þó að framfylgja þarf nýju verklagi betur til að tryggja að því sé fylgt eftir. Mælir GEV með að litlum kveikjurum heimilisins verði fargað. Bætt hefur verið úr upplýsingagjöf til starfsfólks varðandi innskrift skjólstæðinga með tilkomu nýs sálfræðings. GEV fagnar því en telur brýnt að til staðar sé skriflegt verklag varðandi fyrirkomulag á innskrift nýrra skjólstæðinga, m.a. um upplýsingagjöf til starfsfólks, og að því verði framfylgt. GEV telur jafnframt að til staðar þurfi að vera verklag varðandi samhæfð viðbrögð starfsfólks þegar margir áhættuþættir eru til staðar í samskiptum milli skjólstæðinga heimilisins. Í slíkum tilfellum þarf ávallt að meta hvort t.d. tilefni sé til að aðskilja skjólstæðinga, til að forðast atvik sem geta komið upp, líkt og það sem rannsókn þessi varðar, með öryggi allra skjólstæðinga að leiðarljósi. Telur GEV að stuðla megi betur að gæðum og öryggi í þjónustunni með skýru skriflegu verklagi um starfsemina og fræðslu um rétt vinnubrögð starfsmanna við flóknum og erfiðum aðstæðum sem kunna að koma upp í starfsemi heimilisins.